



Skipulags og framkvæmdaráð

29.04.2021

Fjölskylduráð

Tilkynningar og ábendingar hafa borist inn til barnaverndar vegna mikilla áhyggja af velferð barna er varðar umferðaröryggi þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða mikinn aksturshraða á Fossvöllum sem og einnig eru börn að koma á miklum hraða á hlaupahjólum / hjólum niður Baughólinn, brekkuna sem liggur niður að Fossvöllum. Blindblettur er þar og börn ekki að huga nógu vel að hættunni sem skapast við þessi gatnamót sem og að koma niður brekkuna á hraða beint inn á Fossvellina.

Gangstéttin sem liggur upp tiltekna brekku er mjög illa farinn og illa hægt að vera á hlaupahjólum/hjólum á gangstéttinni sem er e.t.v. einnig orsök þess að börn sækjast mikið í að vera á götunni bæði gangandi og á hjólum.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri lýsa einnig áhyggjum af aksturshraða á Fossvöllum í kringum leikskólann. Þrátt fyrir að löglegur hraði sé upplýstur og merktur 30 km / klst. á þessu svæði er það ekki virkt sem skildi og umferðaröryggi barna ekki gætt.

Búið er að ræða þessar tilkynningar og ábendingar við lögreglu sem leggur sitt af mörkum til að vera sýnileg og bregðast við sem best hún má.

Því er það ósk okkar að fara þess á leit við skipulags og framkvæmdaráð að skoða frekari aðgerðir til að efla umferðaröryggi barna á þessu svæði og draga úr umferðarhraða með frekari aðgerðum.

Ef nánari upplýsinga er óskað er velkomið að hafa samband við undirritaða

Fyrir hönd

Starfsmanna Barnaverndar

Barnaverndarnefndrar

---

Félagsmálastjóri